

Staðfesting konungs á stofnunarskrá, fyrir «prentsmiðjusjóð norður- og austuramtsins». 100

Vjer Christian hinn níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og 29. júlí.
Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Með því að beðið hefur verið um, og óskað eptir allrahæstri staðfestingu Vorri á stofnunarskrá, sem amtsráðið í norður- og austuramtinu, á landi Voru Íslandi, hefur búið til og hjer er viðfest í frumriti, fyrir sjóð, sem þannig er til orðinn, að fjelag eitt, sem á sínum tíma rak prentsmiðju í kaupstað Vorum Akureyri, hefur selt prentsmiðjutækin og lagt söluverð þeirra í sjóð, í þeim tilgangi, að styrkja með ársvöxtunum fátæka nemendur á kvennaskólanum í Eyjafjarðarsýslu og gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, og nefnt sjóð þennan «prentsmiðjusjóð norður- og austuramtsins», — þá höfum Vjer allramildilegast staðfest nefnda stofnunarskrá — en staðfest samrit af henni er geymt hjá ráðgjafa Vorum fyrir Ísland, — eins og Vjer með þessu brjefi staðfestum hana og samþykkjum.

Vjer fyrirbjóðum öllum og sjerhverjum að tálma því, sem að framan er skráð.
Gjört í hinum konunglega aðsetursstað Vorum Kaupmannahöfn, 29. júlí 1886.

Vort konunglegt innsigli

(L. S.)

Samkvæmt allramildilegustu skipun hans hátignar konungsins.

J. Nellemann.

STOFNUNARSKRÁ

Prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins.

1. gr.

Af andvirðinu fyrir prentsmiðju norður- og austuramtsins, sem samkvæmt ályktun hlutaðeiganda var gefið til þess að styrkja fátækar og efnilegar námsmeyjar og unglínga, sem ganga á kvennaskólann í Eyjafjarðarsýslu og gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, eru lagðar í fastan sjóð, sem nefnist »Prentsmiðjusjóður norður- og austuramtsins«, 2700 kr. í skuldabryfum einstakra manna, er ávaxtist með 4 af hundraði á ári gegn áreiðanlegu veði í fasteign.

2. gr.

Hinum árlegu vöxtum af tjeðri upphæð, sem eru 108 kr., skal verja, eins og sagt er í 1. gr., þannig, að þeim sje skipt í 4 jafna hluti, sem amtsráðið veitir við hver árslok 2 fátækum og efnilegum námsmeyjum á kvennaskólanum á Laugalandi, eptir uppástungu forstöðukonunnar þar, og 2 fátækum og efnilegum námspiltum á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, eptir uppástungu skólastjóra.

3. gr.

Forseti amtsráðsins semur á ári hverju reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins og skal prenta reikninginn í B-deild Stjórnartíðindanna.

Amtsráð norður- og austuramtsins, 10. dag aprílm. 1886.

J. Havsteen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, út af bænarskrá um konungsstaðfestingu á arfleiðsluskrá. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. júní þ. á., hafið 19. ágúst.
þjer, herra landshöfðingi, sent hingað allraþegnsamlegasta bænarskrá með fylgiskjöllum, þar sem N. N. sækir um staðfestingu konungs á arfleiðsluskrá sinni þess efnis, að hann

11. dag októbermán. 1886.